

Nr. 063 / 12 Maggi á Ósi NS 28**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6030
Smíðaður: Hafnarfirði 1979 plast
Stærð: 7 brl. 5,5 bt.
Mesta lengd: 8,51 m Skráð lengd: 8,41
Breidd: 2,52 m Dýpt: 1,74 m
Vél: Ford Vetus
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNS



Maggi á Ósi©Björgvin Baldursson

Málið afgreitt á fundi 29. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 18. júní 2012 var Maggi á Ósi NS 28 á veiðum 2,5 sml SA af Glettingarnesvita. Veiður: Logn

Á veiðunum féll spenna á rafkerfinu og þegar að var gætt kom í ljós að reim á rafal hafði slitnað svo rafmagnhleðsla féll niður. Skipstjóri hugðist skipta um reim en þær sem til voru um borð pössuðu ekki.

Skipstjóri óskaði eftir aðstoð þar sem kæling á vélinni var að skornum skammti og kom Gletta NS 99 til að draga bátinn til Borgarfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipverja hafði verið skipt nýlega um vél í bátnum og sett notuð uppgerð Ford Mermaid í staðinn fyrir Saab vélina. Hann hafi vitað að það væru einhverjar reimar í bátnum en ekki gætt að því að þær pössuðu;
- að þetta hafi verið fyrsta veiðiferðin í mörg ár á bátnum. Skipstjóra fannst reimin vera nýleg að sjá en hann hafi ekki skoðað reimskífurnar áður en hann hélt af stað.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.